

**Svar fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 3. mars 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness, sbr. 14. liður fundargerðar ráðsins 14. janúar 2021.**

Sæll og blessaður Heimir.

Þegar erindið, dagsett er 20. nóvember 2020, barst fjármála- og áhættustýringarsvið þann 26. nóvember sl. frá skrifstofu borgarstjórnar var búið að ganga frá allri vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021. Eins og skýrslan ber með sér eru verkefnin ólík og tilheyra því mismunandi fagsviðum. Fjármunum er ekki útteilt til einstakra verkefna af fjármála- og áhættustýringarsviði heldur fagsviðum sem þurfa að gera ráð fyrir þessum verkefnum inni á sinni fjárhagsáætlun. Mér sýnist á skýrslunni að bæði séu þar verkefni sem koma inn á ákvörðun um fjárveitingu frá umhverfis- og skipulagssviði og Velferðarsviði, svo eitthvað sé nefnt. Einnig sýnist mér að bókun hafi verið gerð í borgarráði um forgangsröðun verkefna sem tilgreind eru í skýrslunni.

Ég bendi á að best er að vísa þessu erindi á hvert og eitt svið eftir því hvaða verkefni á heima hvar þannig að gert verði ráð fyrir verkefnunum við fjárhagsáætlanagerð næsta árs, eftir því sem við á. Fjárhagsáætlunin er gerð hjá fagsviðunum sjálfum þar sem fjármunum er útteilt til einstakra verkefna en fjármála- og áhættustýringarsvið kemur ekki beint að slíkum ákvörðunum.

Með kveðju,

**Ólöf Marín Úlfarsdóttir**

Lögfræðingur

Skrifstofa sviðsstjóra

**Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar**

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Sími: +354 411-1111